

6. gr.

Nr. 36  
28. nóv.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10, 22. okt. 1912, um þingfararkaup alþingismanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*

**Lög**

um

breyting á lögum nr. 1, 2. jan. 1917.

Nr. 37  
28. nóv.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmaeri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

Fyrri málslíður 2. gr. hljóði svo:

Ráðherrar hafa 10000 kr. í árslaun. Auk þess skal sá ráðherrann, sem er forseti ráðuneytisins, hafa leigulausan bústað og 4000 kr. í risnufje á ári.

Launaákvæði laga þessara skulu gilda frá 1. júlí 1919.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða

**Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*